Reykjavík, 15. sept. 2026
USK26030400

Fornhagi 8 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. maí 2026 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi, koma fyrir lyftu á milli hæða, skipta um glugga, klæða að utan og koma fyrir flóttastiga á vesturhlið og koma fyrir sorpskýli á lóð leikskólans Hagaborg, mhl.01, á lóð nr. 8 við Fornhaga. Erindi fylgir skýrsla Cowi um brunahönnun dags. 13. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Deiliskipulag

Annað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Fornhagi 8 borgarhluta 1 og er á samfélagsþjónustu svæði S17.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Neskirkjureit, safnaðarheimili samþykkt 23.08.2002 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Fornhagi 8, leikskólinn Hagaborg var byggður 1958. Húsið er ekki umsagnaskylt og nýtur engrar verndunar skv. Byggðakönnun frá 2015 sem gerð var fyrir svæðið í tengslum við hverfisskipulag. Húsið hönnuðu Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson.

Hafa ber í huga að byggingin stendur í hverfishluta sem hefur sterkt heildaryfirbragð og á nærliggjandi lóðum standa hús sem eru mikilvæg kennileiti hverfisins t.a.m. Neskirkja sem hefur sömu aðkomu.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á álklæðningu, þar sem útveggir verða einangraðir að utanverðu með 125mm þykkri steinull með loftræstri málmklæðningu sem ysta byrði. Einnig er óskað eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á breyttu útliti glugga og svölum / flóttaleið á vestur hlið skólans ásamt tröppum.

Reykjavík

Í borgarhönnunarstefnu Reykjavíkurborgar er áhersla á að standa vörð um sérkenni hvers hverfis og einstakan staðaranda. Eins og langflest hús hverfisins er Hagaborg steinsteypt , einangruð að innan, múrhúðuð og hvítmáluð. Húsið er byggt undir lok funkistímabilsins og ber svipmót hins íslenska funkis með lágreistu valmaþaki og áberandi steinsteyptum þakkanti.

Í leiðbeiningum fyrir gróna byggð / hverfisskipulag varðandi „svalir og útlitsbreytingar“ kemur fram:

„Við endurbætur og breytingar þarf að miða við upprunalegt efnisval húsa og aðliggjandi byggðar. Allur frágangur, svo sem við glugga, þakkant/þakrennur og svalir, ætti einnig miðast við upprunalega gerð, upprunaleg hlutföll og byggingarstíl hússins.“

Leggja á áherslu á viðgerðir og endurgerð við hús Hagaborgar. Álklæðning telst ekki vænlegur kostur m.t.t. staðaranda, sögu hússins og samhengis reitsins sem það stendur við.

Seinni ár hefur þróun á múrklæðningum á einangrun fleygt fram. Sé fagkunnáttu framfylgt hefur reynsla af múrklæðningum verið góð og færst í vöxt. Gott dæmi er t.d. Gamli garður við Háskóla Íslands. Einnig ber að nefna fordæmi við leikskólann Hlíð, Sólhlíð við Engihlíð 6 þar sem óskað var eftir svipaðri álklæðningu en var hafnað og útfærsla af múrklæðningu notað í stað hennar.

Annar kostur er að fara í viðgerðir á múr.

Ekki er gerð athugasemd varðandi breyttar gluggasetningar

Ekki er gerð athugasemd við flóttaleið og tröppur á vesturhlið skólans.

Niðurstaða

- Ekki er fallist á að álklæða Hagaborg.
- Ekki gerð athugasemd við breyttar gluggasetningar.
- Ekki er gerð athugasemd við flóttaleið á vesturhlið Hagaborgar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík